

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Mjölnis sem er Árnessýsla og Selfoss. Hámarkstala er 30 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. september 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Baldvins og Margrétar Dungal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Baldins og Margrétar Dungal. Hann er stofnaður til minningar um Baldvin Dungal sem fæddist 24. júlí 1903 og lést 5. mars 1969 og Margréti Dungal sem fæddist 19. september 1918 og lést 25. apríl 1992.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Pennans sf. að fjárhæð kr. 500 000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi og efla menningu, listir, umhverfisvernd og líknarstarfsemi með styrkveitingu til einstaklinga og félaga. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til í samræmi við nánari reglur sem hún setur sér.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Pennans sf. Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til 1. mars 1994.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reiknings-ár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. september 1992.

Í stjórn sjóðsins
Gunnar B. Dungal,
Þórdís Sigurðardóttir,
Óskar Magnússon.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1992.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.